


Listasafn íiii Reykjavíkur

Magnús Pálsson 1980–2013

Hafnarhús

Lúðurhljómur í skókassa

The Sound of a Bugle in a Shoebox

Listahátíð
í Reykjavík

18. maí – 1. september 2013

I Stand Alone: Casting (2013)

This performance is related to two older works where Pálsson attempted to make casts of the experience of music in a particular space. This time around, the cast of the music performance of the rock band Muck is made by artist Ragnhildur Stefánsdóttir with a team of assistants. Unlike the two earlier works when the castings were done in private and only the final sculptures were displayed, the casting of the band Muck and its surrounding space is made while the band performs before a live audience.

Threefold Magic, Giantfriendly (1997)

This performance for a large group of people was first seen in the Reykjavík Art Museum in 2000. The performance takes place all around the audience and is intended to highlight everything that is always happening just outside our field of vision. For the Reykjavík Arts Festival 2013 the piece is directed by Ingibjörg Magnadóttir and Jóhanna Friðrika Sæmundardóttir, and performed by students from the Icelandic Academy of the Arts.

Cross (1996)

This performance was first staged at a performance festival in Roskilde, Denmark, where Pálsson directed a march of all the festival's guests. For the Reykjavík Arts Festival 2013 a procession of people is marched following a performance in a church in the city centre to the Reykjavík Art Museum. In the church, a verse from Psalms is performed in four ways by: A choir with no sound; a choir using sign language; with semaphore flags; and finally in Morse code. Guests and onlookers are also invited to participate in various ways. Directed by Guðmundur Oddur Magnússon and Daníel Björnsson with the participation of the Icelandic Sign Language Choir and the South Iceland Chamber Choir.

Excerpt from Burst Eardrum, Left Side (1991)

This theatre piece was originally staged by the National Theatre of Iceland in cooperation with an independent theatre group. The press release then explained it as a blend of comedy and spoken operetta and, indeed, the work was unusual in many ways. Nonetheless, a critic said: "One thing is certain, that only a dead man could be bored by this performance. Such is the mobility of the actors, the constant flow of words, screams, anxiety and the unexpected." For the Reykjavík Arts Festival 2013 the piece is directed by Þórunn S. Þórgrímsdóttir and performed by Arnar Jónsson, Edda Arnljótsdóttir, Guðný Helgadóttir, Guðrún S. Gísladóttir, John Speight, Kristbjörg Kjeld and Stefán Jónsson who all took part in the original performance in the National Theatre.

Sigh (2013)

This piece, premiered here for the Reykjavík Arts Festival 2013, takes its theme from the last days of the 17th century priest and poet Hallgrímur Pétursson. Through a complicated reworking of his material, Pálsson transports us to the low hovel where the poet lays dying and evokes reflections on life and death, destiny and creation. For the Reykjavík Arts Festival 2013 the piece is directed by Hörður Bragason and Pétur Magnússon, and performed by the Icelandic Sound Poetry Choir.

Fairy Tale (1997)

Based on an old Italian fairy tale as retold by the writer Italo Calvino. It tells of a gardener who has various adventures but finally gains the princess. For the Reykjavík Arts Festival 2013 the piece is directed by the composers Atli Ingólfsson and Práinn Hjálmarsson, and performed by Bergur Ingólfsson, Katla M. Þorgeirsdóttir, Sigurður Skúlason and Una M. Jónsdóttir.

Einsemd: Steypa (2013)

Þessi gjörningur tengist tveimur eldri verkum Magnúsar Pálssonar þar sem hann leitaðist við að steypa í gips upplifunina af tónlist í rými. Hér er það þungarokkshljómsveitin Muck sem flytur tónlistina en Ragnhildur Stefánsdóttir ásamt aðstoðarmönnum steypir gipsmót af þeim og umhverfinu. Í eldri verkunum tveimur fór steypan fram annars staðar og aðeins afsteypurnar sýndar en hér verður gjörningurinn framinn að gestum viðstöddum.

Þrígaldur þursavænn (1997)

Þetta er gjörningur fyrir stóran hóp flytjenda og var fyrst settur upp í Hafnarhúsinu á Menningarnótt 2000. Verkið gerist allt í kring um áhorfendur og er ætlað að magna tilfinningu fyrir öllu því sem gerist utan við okkar sjónarsvið. Stjórnendur á Listahátíð 2013 eru Ingibjörg Magnadóttir og Jóhanna Friðrika Sæmundardóttir en flytjendur nemar úr Listaháskóla Íslands.

Kross (1996)

Gjörningurinn var fluttur í fyrsta sinn á gjörningahátíð í Hróarskeldu árið 1996 þar sem Magnús Pálsson stýrði göngu hátíðargesta. Á Listahátíð 2013 hefst ferðin með gjörningi í Frikirkjunni og þaðan verður gengið í Hafnarhúsið. Í kirkjunni er flutt hljóðlaust kórverk, Bænin úr Davíðssálmum, á ferna hátt: af táknmálaskór sem flytur það á táknmáli, blönduðum kór sem flytur það raddlaust og tveimur skátum sem flytja það annars vegar með semafor-flöggum og hins vegar með morsletri sem er stafað með sterku ljósi. Gestir taka einnig þátt í flutningnum. Guðmundur Oddur Magnússon og Daníel Björnsson stýra gjörningnum en Íslenski táknmálaskórinn og Kammerkór Suðurlands flytja.

Brot úr Sprengdri hljóðhimnu vinstra megin (1991)

Þetta leikrit Magnúsar Pálssonar var sett upp árið 1991 í samstarfi Þjóðleikhússins og Alþýðuleikhússins. Í fréttatilkyrningu sagði að verkið væri nokkurs konar blanda af gleðileik og talaðri óperettu og verkið var vissulega nýstárlegt að mörgu leyti. Gísli Þorsteinsson, gagnrýnandi, sagði engu að síður: „... eitt er víst að það væri dauður maður sem gæti látið sér leiðast á þessari sýningu. Slíkur er hreyfanleiki leikaranna, fossandi orðaflaumur þeirra, öskur, óhljóð og angist og allt hið óvænta.“ Á listahátíð 2013 stjórnar Þórunn S. Þórgrímsdóttir uppsetningu en leikarar eru Arnar Jónsson, Edda Arnljótsdóttir, Guðný Helgadóttir, Guðrún S. Gísladóttir, John Speight, Kristbjörg Kjeld og Stefán Jónsson en þau léku öll í frumuppfærslu verksins.

Stuna (2013)

„Atburð sé ég anda mínum nær, aldri þó að liðnar séu tvær; inn í dimmt og hrörlegt hús ég treð. Hver er sá, sem stynur þar á beð?“ Þannig orti Matthías Jochumsson um síðustu daga sálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar og þessi mynd varð Magnúsi Pálssyni efniviður í gjörning sem er frumfluttur í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, á Listahátíð 2013. Stjórnendur eru Hörður Bragason og Pétur Magnússon en Íslenski hljóðljóðakórinn (Nýlókórinn) flytur.

Ævintýr (1997)

Ævintýr byggist á gamalli ítalskri þjóðsögu í endursögn rithöfundarins Italo Calvino. Sagan segir frá garðyrkjumanni sem lendir í ævintýrum en vinnur að lokum hönd konungsdótturinnar. Á Listahátíð 2013 stýra tónskáldin Atli Ingólfsson og Práinn Hjálmarsson uppfærslunni en flytjendur eru Bergur Ingólfsson, Katla M. Þorgeirsdóttir, Sigurður Skúlason og Una M. Jónsdóttir.

Lúðurhljómur í skókassa

Lúðurhljómur í skókassa er dagskrá og sýning á Listahátíð 2013 þar sem sjónum er beint að gjörningum og leikverkum Magnúsar Pálssonar (f. 1929). Titillinn vísar í verk Magnúsar frá árinu 1975 þar sem hann byggir á einni af sögum Münchausens baróns: Frostavetur einn var baróninn á ferð um þröngan veg og það vagnstjórann að blása í lúður sinn til að vara þá við sem kynnu að vera að koma úr hinni áttinni. Vagnstjórinn blés en ekkert heyrðist í lúðrinum. Þegar þeir voru komnir í gistihús hengdu þeir lúðurinn upp við arininn og skömmu seinna fór hann að hljóma. Tónarnir höfðu frosið í lúðrinum og þiðnuðu nú í hlýjunni inni. Verk Magnúsar er eins konar gífsafsteypa af þessum frosna lúðurhljómi og er dæmigert fyrir tilraunir hans til að draga fram og sýna allt það óefnislega sem við upplifum og er ekki veigaminni hluti af veröld okkar en efnið: Hljóð, orð, tilfinningar, tími, hreyfingar, bilið milli hluta, sögur og hugsanir.

Magnús lærði leikmyndahönnun og myndlist á sjötta áratugnum liðinnar aldar og starfaði við leikhús með hléum fram á áttunda áratuginn en sneri sér æ meira að myndlistinni upp úr 1960. Um fimm ára skeið deildi hann vinnustofu í Reykjavík með Dieter Roth og saman er óhætt að segja að þeir tveir hafi verið leiðandi í þeim miklu umbreytingum sem áttu sér stað í íslenskrí myndlist á sjöunda og áttunda áratugnum. Ásamt Dieter tengdist Magnús Fluxus-hreyfingunni, alþjóðlegum hópi listamanna sem leitaðist við að endurnýja listina gegnum tilraunir með nýja miðla og nýja hugsun. Hópnum tengdust listamenn víðs vegar að, m.a. John Cage, Philip Corner, Ben Vautier, Yoko Ono, Carolee Schneemann, Nam June Paik, Emmett Williams og Joseph Beuys.

Strax í byrjun sjöunda áratugarins var Magnús byrjaður að skrifa handrit og hugmyndir að gjörningum. Þessar hugmyndir urðu þó ekki að veruleika og þegar Magnús

hélt sína fyrstu einkasýningu, í Ásmundarsal árið 1968, sýndi hann m.a. búka gerða úr fötum sem hert höfðu verið upp með gipsi og málningu, bókverk og ljósprentaða pappírsrenninga sem hægt var að kaupa í metravís eins og álnavöru. Þessi sýning vakti talsverða athygli og m.a. skrifaði Bragi Ásgeirsson í umfjöllun: „Magnús kemur manni á óvart fyrir miklar tilraunir, sem falla merkilega vel inn í tilraunir, sem hinir róttækustu eru að gera í dag ... Þessi sýning er þáttur í tímamótum í íslenskri myndlist.“ Næstu árin sýndi Magnús í Þýskalandi og tók þátt í sýningum hér heima. Þeir Dieter Roth sýndu sem „gestir“ á fyrstu samsýningu SÚM-hópsins í sýningarsal félagsins við Vatnssíg og Magnús tók þátt í fleiri samsýningum hópsins, m.a. sýningunni í Stedelijk-listasafninu í Amsterdam 1971.

Á áttunda áratugnum urðu verk Magnúsar smátt og smátt einfaldari. Hann notaði gjarnan gips og líta má á verkin sem höggmyndir en í raun eru þau meira í ætt við hugmyndalist: Hvert verk vísar í ákveðna hugmynd, sögu eða sýn á veruleikann og er eins konar hlutgerving hugmyndarinnar. Það var á þessu skeiði sem *Lúðurhljómur í skókassa* varð til.

Árið 1975 byrjaði Magnús að kenna við Myndlista- og handíðaskólann og þar kom hann á fót Nýlistadeild með aðstoð Hildar Hákonardóttur sem þá var skólastjóri. Í fyrstu var Magnús eini kennarinn en í deildinni var þó sett upp metnaðarfull námskrá þar sem nemendur kyntust helstu nýjungum: Bókagerð, vídeólist, gjörningum og hugmynda-list. Margir erlendir gestakennarar kenndu við deildina og komu margir þeirra úr hópi Fluxus-listamannanna sem Magnús þekkti. Úr deildinni útskrifaðist stór hópur listamanna sem hafa látið mikið að sér kveða síðustu þrjá áratugi. Magnús stýrði deildinni til 1984.

Kennslan átti hug Magnúsar allan og hann leit á hana sem lið í sinni eigin listsköpun. Sumarið 1984 hélt hann sýningu í Nýlistasafninu og gaf út hljóðsnældu undir yfirskriftinni *Kennsla: Geggjaðasta listgreinin*. Þar segir Magnús:

Svo skrítið sem það nú er, hefur myndlistin á síðustu áratugum hætt að vera hand-verks- eða kunnáttugrein en hefur orðið í staðinn grein alhliða sköpunar. Listin hefur

orðið hugsköpunargrein í víðri merkingu. Bilið milli hinna hefðbundnu listgreina er orðið mjög ógreinilegt og meira að segja orðið erfitt að aðgreina skapandi verk á vísindasviðinu og skapandi listaverk. Skák aðgreinist varla frá list. Ljóð verða myndverk og myndverk tónlist.

Næstu ár kenndi Magnús við ýmsa lista-háskóla í Hollandi og Noregi jafnframt því að starfa að eigin listsköpun. Á sama tíma fór hann að semja ýmiss konar gjörninga og endurnýja kynni sín af leikhúsinu en verk af þessu tagi hafa verið gildasti þátturinn í listsköpun Magnúsar síðan. Gjörningarnir komu einn af öðrum og voru fluttir ýmsir á Íslandi eða erlendis, t.d. í Franklin Furnace í New York og í Henie-Onstad kunstcenter rétt utan Óslóar.

Við samningu gjörninga sinna notar Magnús ýmsar aðferðir og má rekja sumt til Fluxus-áranna eða leikhússtarfa en margt kann frekar að tengjast reynslu hans af hópstarfi og kennslu. Í mörgum handritanna notar hann texta annars staðar frá sem hann klippir í sundur og endurraðar eftir ákveðnum reglum en þó þannig að hann hefur ekki alltaf sjálfur fullkomið vald yfir niðurstöðunni. Með því að veita þannig ákveðinni óvissu inn í verkið – handahófi – opnast nýir möguleikar og þessi aðferð var talsvert notuð í Fluxus, líkt og hjá súrrealistum og dadaistum. Efniviðurinn er ólíkur, frá hasarblöðum til Íslendingasagna, en Magnús fellir hann inn í handrit sín þannig að úr verður heild sem þjónar hans sýn á verkið. Handritin eru mörg í raun sjálfstæð listaverk þar sem textabrotin raðast upp í margradda kóra og Magnús skrifar upp leiðbeiningar sínar um flutninginn og fyrirmæli um uppsetningu verksins. Þarna sannast það að „ljóð verði að myndverki og myndverk tónlist“ því í þessum verkum þurrkar hann út bilið milli greinanna. Það má líta á gjörninga hans sem myndlist, leiklist, tónlist eða jafnvel bókmenntir og í sumum þeirra koma myndbönd líka við sögu.

Jón Proppé, sýningarstjóri

The Sound of a Bugle in a Shoebox

The Sound of a Bugle in a Shoebox is the title of a programme and exhibition at the Reykjavík Arts Festival focusing on the performance and theatre work of Magnús Pálsson (b. 1929). The title refers to one of his works from 1975 which refers to one of the tales of the Baron Münchhausen: Once, during a cold winter, the baron was travelling down a narrow road and he asked the coachman to blow his bugle to warn travellers who might be coming in the opposite direction. The coachman blew his horn but no sound came out. When they reached an inn they hung the bugle by the fireplace and soon sounds began to come out of the instrument. The sounds had been frozen inside the bugle and were thawing out in the warm inn. Pálsson’s work is a kind of plaster cast of this frozen sound and is typical of his many attempts to represent the immaterial aspects of experience that comprise such a significant part of our world: Sounds, words, feelings, time, movement, the space between things, stories and thoughts.

Pálsson studied theatre design and art in the 1950s and worked in theatre on and off until the 1970s. From 1960 he began to focus more and more on his artistic production. For five years he shared a studio in Reykjavík with Dieter Roth (1930–1998) and together they were part of the transformation of Icelandic art in the 1960s and 1970s. Along with Roth, Pálsson was in contact with the artists of the Fluxus movement, a loose grouping of people from different backgrounds who sought to renew art through experimentation with new media and new approaches. Fluxus artists came from all corners of the world and included John Cage, Philip Corner, Ben Vautier, Yoko Ono, Carolee Schneemann, Nam June Paik, Emmett Williams and Joseph Beuys.

Already in the early 1960s Pálsson had begun to write scripts and ideas for

performances. These, however, were never realised and when he held his first private exhibition in Reykjavík in 1968 he showed mostly sculptural pieces made with plaster and paint, along with artist’s books and strips of copied drawings that could be purchased by the metre, like fabric or wallpaper. The exhibition attracted a lot of attention and critic Bragi Ásgeirsson wrote: “Magnús surprises us with experiments that are very much in line with what the most radical artists abroad are doing ... This exhibition is part of a transformation in Icelandic art.” In the next years, Pálsson exhibited in Germany and took part in various collective exhibitions in Iceland. He and Roth took part in the first exhibition of the new avant-garde group SÚM around 1970, including a key exhibition in the Stedelijk Museum in Amsterdam in 1971.

In the 1970s Pálsson’s art grew more sparse and direct. He often used plaster and while we may see them as sculptures, they are in fact more akin to conceptual art: Each piece refers to a particular idea, a story or a perspective on reality; the sculpture gives shape to these ideas, turning the immaterial material. It is in this period that Pálsson made *The Sound of a Bugle in a Shoebox*.

In 1975 Pálsson began teaching at the Icelandic College of Arts and Craft where he set up a new department with the support of artist Hildur Hákonardóttir, then director of the college. To begin with, Pálsson was the only teacher in the department but an ambitious curriculum was set up where students were introduced to new developments in avant-garde art: Artist’s books, video art, performances and conceptual art. Several guest instructors were brought in from abroad, including many of Pálsson’s friends from the Fluxus group. Pálsson ran the department until 1984 and its graduates now form a large and influential part of the Icelandic art scene.

Pálsson came to see teaching as an important aspect of his own artistic production. In 1984 he held an exhibition on this theme and produced a tape entitled: *Teaching: The Craziest Branch of Art*. It includes Pálsson saying:

Strange as it may be, art has in the last few decades ceased to be about craft and

facility and has become instead a field of general creativity. Art has become a branch for creative ideas in general. The separation between the traditional art forms has been eroded and it has even become difficult to separate creative work in science from creative art. Chess can hardly be distinguished from art. Poems become visual art and visual artworks become music.

In the next few years Pálsson taught at various art academies in The Netherlands and in Norway as well as continuing his own work. He began to compose performance works again and to renew his engagement with the theatre. Works of this kind have been the most prominent aspect of his production ever since and, already in the 1980’s, they were performed in various venues, in Iceland and abroad including Franklin Furnace in New York and the Henie-Onstad Art Centre near Oslo.

Pálsson uses various methods in composing his performances, some traceable back to the time of the Fluxus movement or his work in theatre, while other grow out of Pálsson’s own experience of teaching and working with groups of students. In many of his scripts he uses found texts which he cuts up and rearranges in accordance with certain rules, yet in such a way that he doesn’t completely control the final result. By the use of random and ambivalent elements new horizons can be opened up – a technique much used by the Fluxus artists as by the Surrealists and the Dadaists before them. The raw material Pálsson uses is very varied, from American comic books to the Icelandic sagas, but he reworks it in his scripts to serve his own aims. The manuscripts describing his performances are really artworks in their own right where the cut-up texts are arranged in columns for the different performers along with Pálsson’s own comments and instructions. They show how “Poems become visual art and visual artworks become music”, completely erasing the boundaries between the different fields of expression. His performances can be seen as art, theatre, music or even literature; some even include video.

Jón Proppé, curator